

8. gr.

Skylt er hverjum húseiganda eða lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim, eða þær bila. Hann skal sérstaklega gæta þess að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu.

15

13. jan.

9. gr.

Bæjarráði, umsjónarmanni og löggiltum innlagningarmönnum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau og mæla, er sett eru í sambandi við þær. Ef þeim þykir útbúnaði að einhverju ábótavant, skal tafarlaust bæta úr því á kostnað eiganda.

10. gr.

Bæjarstjórninni er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, er vanrækja að gera við leka í pípum eða tækjum, sem í sambandi eru við þær, eða eyða vatni að óþörfu. Svo og fyrir þeim, sem ekki greiða vatnsskatt, efni, vinnu eða annað, sem vatnsveitan kann að leggja til um stundarsakir, á réttum gjalddaga. Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað.

11. gr.

Engum er heimilt án leyfis bæjarráðs eða þess, er bæjarráð felur umsjá með vatnsveitunni, að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

12. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að 500 krónum, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast þegar gildi, og fellur þá jafnframt úr gildi reglugerð nr. 103 26. október 1931, um notkun vatnsveitu og sölu vatns í Ísafjarðarkaupstað.

Félagsmálaráðuneytið, 13. janúar 1941.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um fasteignaskatt á Ísafirði nr. 61 29. apríl 1939.

16

14. jan.

1. gr.

Skatturinn samkvæmt 2. gr. reglugerðarinnar lækki um 1,5% í öllum skattflokkum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 31. desember 1937 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1941.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.